



Reykjavík, 4. janúar 2024

**Ísafjarðarbær**

Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

**Varðar: Skil á lóðum á Ísafirði**

Í tengslum við flutning olíuburgðastöðva á Ísafirði út á Mávagarð, sem gerður var að ósk Ísafjarðarbæjar, var farið í ítarlega skoðun og í framhaldinu aðgerðir til að takast á við mengun á þeim lóðum sem birgðastöðvarnar stóðu á í samræmi við áætlun um meðhöndlun jarðvegs dags 13.06.2012.

Í framhaldi af sýnatöku sem framkvæmd var 20.05.2014 greindist mengun í lóðunum, sem gert var grein fyrir í skýrslu dagsettri 23.06.2014.

Það var samdóma álit aðila, til að hafa rask og áhrif á umhverfi lóðanna sem minnst að meðhöndla jarðveginn á staðnum, lofta hann með öndunarrörum og nýta sjávarföll til að auka loftskipti. Ísafjarðarbær óskaði eftir því að lóðirmar yrðu tyrfðar í stað þess að sá í þær, sem takmarkaði loftskiptin, sem hægir óhjákvæmilega á niðurbrotinu.

Við sýnatöku sem framkvæmd var í mars 2021 var jarðvegurinn að mestu niðurbrotinn miðað við kröfur sem gerðar eru til iðnaðarlóða, en á norðausturhluta Mjósundslóðarinnar var áberandi bensínlykt úr sandlagi sem er á rúmlega metra dýpi, sem staðfest var með greiningu rannsóknarstofu Háskóla Íslands.

Var því beðið með skil á lóðinni.

Við sýnatöku sem framkvæmd var 23.11.2023 síðastliðinn, kom í ljós að mengun í sandlaginu var ekki komin niður fyrir mörk og virðist tilfærsla súrefnis að þessari mengun ekki vera nægjanleg til að lífrænt niðurbrot eigi sér stað.

Þar sem áhugi er á lóðinni til staðar og ætlunin virðist vera að byggja íbúðarhús á lóðunum leggur félagið til að sveitarfélagið taki við lóðunum og endurúthluti, með eftirfarandi skilyrðum og ráðstöfunum

- Olíudreifingu verði gert viðvart tímalega áður en farið verður í jarðvegsframkvæmdir.
- Jarðvegsverktaki flokki jarðveg í mengaðan og ómengáðan jarðveg undir handleiðslu fulltrúa Olíudreifingar, undir eftirliti heilbrigðiseftirlits.
- Mengaður jarðvegur sem þarf að fjarlægja verður tekinn til meðhöndlunar á olíuheldu svæði á lóð Olíudreifingar á Mávagarði, þar sem afrennsli fær í gegnum olíuskilju.
- Komið verði fyrir drenbarka í sökkli húsa á kostnað Olíudreifingar, þannig að hægt verði að sjúga loft úr sökklinum og koma í veg fyrir að olíugufur berist inn í hús úr jarðvegi sem ekki þarf að skipta um á lóðinni.

Fyrirfram samþykktur aukakostnaður vegna þessa verður greiddur af Olíudreifingu.

Óskað er samþykktis Ísafjarðarbæjar á þessum framgangsmáta

Virðingarfullst,  
f.h. Olíudreifingar ehf

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999